



Reykjavík, 10. janúar, 2022

R20120043

## Efni: Umsögn mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs um Atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar 2022-2030

Mannréttinda-, nýsköpunar og lýðræðisráð fagnar að nú líti dagsins ljós fyrsta Atvinnu- og nýsköpunarstefna borgarinnar. Framtíðarsýn stefnunnar um efnahagsleg, menningarleg og samfélagsleg verðmæti talar í takt við áherslur ráðsins og mannréttindastefnu borgarinnar.

Ráðið vil koma með eftirfarandi ábendingar:

Í inngangi setur ráðið fyrirvara við um orðalagið “*atorkusamt fólk*” heppilegra væri að nota orðalag sem felur í sér inngilding, þar sem ljóst sé að fjölbreytileiki mannflórunnar sé það sem stefnan vill laða að.

### Hugtök;

- Innviðir: hér mætti bæta við algildri hönnun

### Áskoranir;

- Út frá lýðræðislegum vinkli er lagt til að tilgreina borgarbúa.

### Stefnumarkandi áherslur;

1. Sameiginlegur skilningur bls. 12 - leggjum aftur áherslu á að tiltaka borgarbúa

1.1 Aukið samtal og upplýsingamiðlun

- Fögnuð þessari áherslu sérstaklega - fyrirbyggjandi upplýsingagjöf er mjög mikilvæg og getur þróast uppbyggilegt samráðsferli ef vel er að staðið.

2. Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar

- Við leggjum til eftirfarandi viðbót við þessa setningu:  
Þjónusta Reykjavíkurborgar, þar með talið við atvinnulífið, á að vera auðskilin, skilvirk, stafræn, fyrirsjáanleg og í takti við hugmyndafræði algildrar hönnunar.

3. Fleiri stöðir verðmætasköpunar

- 3.2. Efla innlent og alþjóðlegt samstarf um nýsköpun og rannsóknir
  - Mikilvægt að huga að því að alþjóðlegt samstarf þýðir að heilu fjölskyldurnar geti flutt til borgarinnar og þá verði td. Skólasamfélagið að geta tekið á móti þeim.
- 3.3. Athuga orðalag “það” sé til staðar. “Það” er kannski ekki rétt að nota „það“ fyrir “hæfni” og “þekkingu”.

5. Grænn vöxtur - forgangsáherslur

- 5.4 Fjölga tækifærum nálægt sjálfbærum og aðgengilegum\* samgöngum
  - \*bæta við



## 6. Engin skilin eftir

Síðasta setningin “góð lífsgæði” - færi betur á að nota bara orðið “lífsgæði” þar sem “góð” er sama og “gæði”.

## 6.3 Forgangsherslur - Tryggja mannréttindi allra

Ráðið fagnar sérstaklega þessari forgangsherslu í stefnunni.